

## FUNDARGERÐ

### SKJALALYKILL

7852-002-FUN-004-V01

### DAGS. / TÍMI FUNDAR

18.11.2020

### NR. FUNDAR

04

### VERKHEITI

Svæðisskipulag Suðurlandis

### VERKKAUPI

SASS

### FUNDAREFNI

1. Starfsreglur nefndarinnar
2. Skipulagslýsing
3. Stöðuskýrsla
4. Næsti fundur

### FUNDARGERÐ

IS /GG 18.11.2020

### FUNDARBOÐARI

SASS

### FUNDARSTAÐUR

Fjarfundur

### FUNDARMENN

Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Óttar B. Þráinsson  
Rósa Matthíasdóttir  
Lilja Einarsdóttir, Anton Kári Halldórsson  
Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason  
George Frumuselu  
Jóna Björk Jónsdóttir, Ólafur Júlíusson  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi  
Bjarni Guðmundsson, Helgi Kjartansson, Eva Björk Harðardóttir  
Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir

### FYRIRTÆKI

Bláskógabyggð  
Flóahreppur  
Rangárþing eystra  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Grímsnes- og Grafningshreppur  
Hrunamannahreppur  
Mýrdalshreppur  
Skaftárhreppur  
Rangárþing ytra  
UTU  
SASS  
Verkfræðistofan EFLA

### DREIFING

Bjarni Guðmundsson

### FYRIRTÆKI

SASS

### FUNDARSKJÖL

Drög að skipulagslýsingu, drög að stöðuskýrslu, drög að starfsreglum nefndarinnar ásamt kostnaðarskiptingu.

### NÆSTI FUNDUR

15.12.2020 kl. 13.00

## 1. Starfsreglur nefndarinnar og kostnaðarskipting

Farið var yfir drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulag Suðurhálandis.

Þjarni gerði grein fyrir kostnaði við verkefnið og fór yfir tillögu að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga. Gengið er út frá því að 15% af kostnaði við verkefnið skiptist jafnt á milli sveitarfélögunum og 85% taki í grófum dráttum mið af landstærð hvers sveitarfélags innan skipulagssvæðins.

Ekki er búið að ræða við skipulagssjóð um kostnaðarpátttöku, hvorki fyrir þá vinnu sem búið er eða framhaldið. Skipulagsstofnun er kunnugt um að vinnan er í gangi enda hefur fulltrúi hennar komið á fund nefndarinnar. Áætlað að skipulagssjóður taki þátt í helmingi kostnaðar á móti sveitarfélögunum og áhersluverkefni SASS. Stefnt er að því að fara yfir verkefnið með Skipulagsstofnun og skipulagssjóði á næstunni.

**TAFLA 1.** Möguleg kostnaðarskipting í verkefninu.

SVÆÐISSKIPULAG SUÐURHÁLENDIS								
Skipting kostnaðar								
18. nóvember 2020								
	Heildark.	2021	2022	2023				
Áhersluverkefni SASS	12.000.000	5.000.000	4.000.000	3.000.000				
Sveitarfélögin	13.000.000	5.333.333	4.333.333	3.333.333				
Skipulagssjóður	25.000.000	9.333.333	8.333.333	7.333.333				
<b>Áætlaður heildark.</b>	<b>50.000.000</b>	<b>19.666.667</b>	<b>16.666.667</b>	<b>13.666.667</b>				
Leið A	Fastur kostn.	Stærð landsv.	Samtals	Hlutfall af heild	Samtals hlutur sveitarf.	Hlutur 2021	Hlutur 2022	Hlutur 2023
Skafthreppur	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Mýrdalshreppur	15%	50%	65%	7,6%	982.558	403.101	327.519	251.938
Rangárb. eystra	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Rangárb. ytra	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Ásahreppur	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Skeiða- og Gnúpverjahr.	15%	65%	80%	9,3%	1.209.302	496.124	403.101	310.078
Hrunamannhreppur	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Bláskógabyggð	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Grímsnes- og Grafningshr.	15%	50%	65%	7,6%	982.558	403.101	327.519	251.938
Sveitarfélagið Árborg	15%	10%	25%	2,9%	377.907	155.039	125.969	96.899
Flóahreppur	15%	10%	25%	2,9%	377.907	155.039	125.969	96.899
			<b>8,60</b>	<b>100%</b>				

Setja þarf skipulagsvinnuna á formlega stig núna. Taka þarf ákvörðun skiptingu kostnaðar og ræða síðan við Skipulagsstofnun. Búið verði að móta framhald vinnunar í byrjun desember svo hægt sé að halda áfram með vinnuna af fullum krafti í byrjun næsta árs. Stýrihópur verkefnisins haldi áfram með þennan hluta vinnunnar. Kostnaðarskiptingin verði send sveitarfélögunum með skýringum svo þau geti tekið þetta formlega fyrir. Taka þarf ákvörðun um framhald verkefnisins í stjórn SASS og ákveða með framhald þess sem áhersluverkefni. Verkefnið er stórt og skiptir mörg aðildarsveitarfélög samtakanna máli.

Samþykkt að halda áfram með vinnuna á þessum nótum og senda tillögurnar til sveitarfélögunum.

## 2. Skipulagslýsing

Farið var yfir helstu þætti skipulagslýsingar; áherslu í vinnunni og tímaáætlun. Nokkrar ábendingar komu fram:

- Framræstar mýrar eru líklega ekki innan svæðisins, þær ætti að taka út.
- Vantar nýlega skýrslu um Kötlu jarðvang í kaflann um tengsl við aðrar áætlanir.
- Vantar að gera grein fyrir jökulhlaupum í Skaftá í kafla 3.4.
- Setja ætti almenna stefnu um námur, t.d. vegna vegabóta.
- Bæta þarf Landbúnaðarráðuneytinu við lista yfir umsagnaraðila.

Einnig var rætt um hvort móta ætti stefnu um vindlundi. Eðlilegt að marka almenna stefnu, hugmyndir eru um vindlundi innan svæðisins, t.d. Búrfellslund. Möguleiki er að gera sérstaka úttekt varðandi mögulega nýtingu vindorku á svæðinu ef áhugi er á því.

### 3. Stöðuskýrsla

Farið var yfir drög að stöðuskýrslu. Þar er gerð grein fyrir áherslum í vinnunni og þeim hugmyndum sem komið hafa fram á fundum vinnuhópsins. Ýmsir uppdrættir eru í stöðuskýrslunni og ætlunin er að setja kortagrunna á netið þannig að hægt sé að kveikja og slökkva á mismunandi þekjum og átta sig þannig á því sem liggur að baki stefnunnar. Kortin verða þróuð áfram eftir því sem vinnunni vindur fram.

Fjallað um að beit sé bönnuð í töflu 12 í kafla 4.3.1 um verndarsvæði. Er þetta bæði tilgreint sem kostur og galli. Í þessum kafla er greint frá niðurstöðu úr hópavinnu sem fram fór á fyrsta fundi vinnuhópsins. Niðurstöðurnar eru settar fram eins og þær komu fram á fundunum. Ekki stendur til að banna beit á hálendinu í þessari vinnu.

Spurt var um hvað verði með vinnuna ef þjóðgarður verður að veruleika? Fram kom að sveitarfélög vinni sitt skipulag óháð eignarhaldi og hvort svæði eru friðlýst eða ekki. Jafn mikilvæg ástæða til að vinna skipulag fyrir svæðið hvort sem það er þjóðgarður eða ekki, - það sé á ábyrgð sveitarfélaganna að skipuleggja land innan staðarmarka sveitarfélaganna. Ekki eigi að bíða eftir að einhver annar skipuleggi svæðið heldur standi sveitarfélögin undir sinni ábyrgð hvað skipulagið varðar og setja fram sínar áherslur fyrir svæðið. Ekki verði hægt að horfa framhjá þessari vinnu þegar svona breið samstaða skapast um málið. Sveitarfélögin taki forystu með svæðisskipulagsvinnunni.

Gott sé að það komi fram í skipulagsgögnum að vinna við miðhálandisþjóðgarð hafi farið fram og að horft sé til hennar, þó sum sveitarfélög séu ekki sáttt við þá tillögu. Óvíst er um afdrif frumvarps um þjóðgarð en þessi vinna nýtist þó að svæðið verði þjóðgarður. Vakin var athygli á því að svæðisskipulag á Snæfellsnesi var sem dæmi unnið eftir að stofnaður var þjóðgarður á svæðinu. Einnig var rætt um hvort stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs myndi taka mið af ákvæðum svæðisskipulagsins eða öfugt.

Ákveðið var að halda áfram með stöðuskýrsluna og vinnuna á svipuðum nótum og kynnt var á fundinum.

### 4. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 15. desember kl. 13.